

Forskóli 2 - Söngur

Nemendur hefja að jafnaði nám í sönghóp Forskóla 2 þegar þau byrja í 2. bekk, en hægt er að byrja seinna sé þess óskað. Forskóli 2 er eins árs nám og að honum loknum á nemandi að vera vel undirbúinn fyrir hljóðfæra- eða söngnám. Forskóli 2 er framhald af Forskóla 1, en ekki þarf að ljúka Forskóla 1 áður en nám hefst í Forskóla 2. Áhersla er á fjölbreytta nálgun þar sem nemendur þjálfa leikni jafnhliða því að læra um frum- og efnisþætti tónlistarinnar. Nemendur fá öll námsgögn frá skólanum. Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Forskóla 2 - Sönghóp.

Söngur

Nemandi

- nái grundvarllartökum á líkamsbeitingu í söng og raddbeitingu.
- kynnist solfège kerfinu og syngi einfaldar laglínur með því.
- þjálfist markvisst í takt- og lagskyni í gegnum söng.
- geti sungið nokkur einföld lög.
- þjálfist í samsöng.

Tónfræði

Nemandi

- kynnist grundvallaratriðum nótnakerfisins.
- þekki mismunandi lengdargildi nótna.
- þekki eftirfarandi tákn tónfræðinnar:



Almenn tónlistarfærni

Nemandi

- kynnist fjölbreyttri tónlist, þar á meðal íslenskrri þjóðlagatónlist, klassískri tónlist, kórtónlist, lúðrasveitartónlist og heimstónlist.
- kynnist sinfóníuhljómsveitinni og lúðrasveitinni sjónrænt og með hlustun.
- kynnist mismunandi tegundum kóra.
- þekki helstu hljóðfæraflokka og algengustu hljóðfæri eftir sjón og heyrn.
- kynnist þeim hljóðfærum sem hægt er að læra á í Tónlistarskólanum.
- kynnist vel a.m.k. einu af eftirfarandi tónverkum: Pétur og Úlfurinn, Karnival dýranna, Hljómsveitin kynnir sig eða Tobbi Túba.
- flytji einfalt tón- og hrynmynstur eftir heyrn.
- þjálfir taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu.
- vinni markvisst með tónlistarhugtök, s.s. hratt og hægt, sterkt og veikt, hátt og lágt, stutt og langt, eins og öðruvísi, vaxandi og minnkandi, dúr og moll, einn og margir, einradda og fjölradda, hendingar og blæbrigði.
- hlusti með athygli á fjölbreytta tónlist, sýni viðbrögð við henni og greini notkun efnisþátta eins og tónstyrks, hraða, púls, tónblæs og forms.
- noti einföld orð til að greina notkun efnisþátta og áhrif þeirra á tónverk.
- taki þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk.